

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum (áburðareftirlit, fóðureftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög).

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. a laganna:

- Við bætist ný skilgreining á viðeigandi stað í stafrófsröð, svohljóðandi: *Dreifing* er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.
- Í stað skilgreiningarinnar *Markaðssetning fódurs* kemur ný skilgreining, svohljóðandi: *Markaðssetning fódurs, áburðar eða sáðvöru* er að hafa umráð yfir fódri, áburði eða sáðvöru með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða vöruna til sölu eða afhendingar í öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.

#### 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem verða 2.–4. mgr., svohljóðandi:

Matvælastofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum.

Framsal skv. 2. mgr. getur líka tekið til ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv.

9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. j og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 8. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti.

#### 3. gr.

Í stað 1. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fódurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Til framleiðslu lyfjablandaðs fódurs þarf einnig leyfi Lyfjastofnunar.

#### 4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fóður-, áburðar- og sáðvöruþyrtingar sem skráir vöru hjá Matvælastofnun er ábyrgt fyrir því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu og ber að veita allar nauðsynlegar upplýsingar vegna vörulýsingarinnar.

5. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

7. gr. h laganna orðast svo:

Fóðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við sýnatöku, rannsóknir og greiningu á fódri skulu tilkynna Matvælastofnun ef í fódri eða umhverfissýnum, sem tekin eru í eða við fódur- eða matvælafyrirtæki, greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

7. gr.

Á eftir 7. gr. j laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Reglur um áburð**, með fimm nýjum greinum, 7. gr. k – 7. gr. o, svohljóðandi, og breytast önnur kaflanúmer samkvæmt því:

a. (7. gr. k.)

Áburðarfyrirtæki skal leggja fram vottorð um kadmíuminnihald hvernar áburðartegundar fyrir innflutning eða markaðssetningu vörunnar. Vottorð þetta skal lagt fram árlega til staðfestingar á niðurstöðum mælinga á þeim áburðartegundum sem eru markaðssettar.

Hámark kadmíuminnihalds í áburði skal ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur.

b. (7. gr. l.)

Verði breyting á hráefnum, efnainnihaldi eða eiginleikum áburðar skal slík breyting tafarlaust tilkynnt Matvælastofnun sem tekur ákvörðun um það hvort varan verði afskráð eða haldi skráningu sinni skv. 5. gr. og þá með hvaða skilyrðum.

Í þeim tilvikum þegar áburður hefur verið afskráður hefur Matvælastofnun heimild til að stöðva markaðssetningu áburðarins að nýju, eftir að varan er komin til landsins, þar til Matvælastofnun hefur staðfest með sýnatöku að varan sé í samræmi við skráða vörulýsingu, framlögð vottorð eða aðrar upplýsingar um vöruna.

c. (7. gr. m.)

Ef stjórnandi áburðarfyrirtækis álítur eða hefur ástæðu til að álíta að áburður, sem hann hefur flutt inn, framleitt, unnið eða dreift, sé ekki í samræmi við kröfur um efnainnihald, eiginleika áburðarins samkvæmt vörulýsingu eða öryggi, skal hann tafarlaust tilkynna það til Matvælastofnunar, gera ráðstafanir til úrbóta og taka umræddan áburð af markaðnum ef hann telst ekki öruggur til notkunar. Áburður telst ekki öruggur ef notkun hans getur haft áhrif á heilbrigði dýra eða plantna eða orðið þess valdandi að matjurtir eða dýraafurðir verða óhæfar til manneldis. Stjórnandinn skal, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem þegar hafa verið afhentar og standast ekki fyrrgreindar kröfur. Ef framleiðslueiningin, lotan eða vöruendingin stenst ekki fyrrgreindar kröfur skal farga áburðinum eða endursenda nema Matvælastofnun fallist á aðra lausn. Stjórnandi skal án tafar upplýsa notendur áburðarins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan uppfyllti ekki kröfur, var tekin af markaðnum eða innkölluð.

## d. (7. gr. n.)

Stjórnandi áburðarfyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.

## e. (7. gr. o.)

Áburðareftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat. Stjórnendur áburðarfyrirtækja skulu innleiða, koma á og viðhalda framleiðsluáðferðum sem byggjast á meginreglum um áhættugreiningu.

## 8. gr.

## 8. gr. a laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða vegna framkvæmdar á lögum þessum, svo og vegna skráningar, og móttöku umsókna og tilkynninga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og tilkynninga og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

## 9. gr.

1. másl. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Einnig er Matvælastofnun heimilt að gefa fyrir-mæli um afmengun fódurs, áburðar eða sáðvöru, stöðva eða takmarka framleiðslu, afskrá vöruna, stöðva inn- og útflutning eða markaðssetningu og innkalla af markaði og leggja hald á slíka vöru þegar rökstuddur grunur er um að hún sé ekki í samræmi við vörulýsingu eða uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 10. gr.

## 9. gr. d laganna orðast svo:

Ákvarðanir Matvælastofnunar má kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Kæra vegna stjórnsýsluákvörðunar í tengslum við eftirlit með innflutningi fódurs, sem unnið er úr dýraafurðum og kemur til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal þó borin fram innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

## 11. gr.

Í stað 9. gr. e laganna koma fimm nýjar greinar sem verða 9. gr. e – 9. gr. j, svohljóðandi:

## a. (9. gr. e.)

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

- a. tilkynningar- eða starfsleyfisskyldu skv. 4. gr. eða skilyrðum sem Matvælastofnun hefur sett skv. 2. mgr. 4. gr.,
- b. skráningarskyldu vörunnar og ábyrgð á því að efnainnihald og eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu skv. 5. gr.,

- c. banni við notkun dýrapróteins úr aukaafurðum úr dýrum í fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis skv. 1. mgr. 7. gr. b,
- d. banni við fóðrun dýra á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund skv. 3. mgr. 7. gr. b,
- e. banni við markaðssetningu fóðurs og áburðar sem ekki uppfyllir kröfur um öryggi skv. 7. gr. a og 7. gr. m,
- f. skyldu til innköllunar fóðurs og áburðar og tilkynningarskyldu stjórnenda skv. 7. gr. e og 7. gr. m,
- g. tilkynningarskyldu vegna greininga á örverum í fóðri og umhverfissýnum sem varða tilkynningarskylda matarsjúkdóma skv. 7. gr. h.

Brot skv. 1. mgr. varða sektum eða fangelsi ef þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Gera má lögaðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Heimilt er að gera upptækan með dómi ávinning sem hlotist hefur af broti skv. 1. mgr.

b. (9. gr. f.)

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn sakamáls að undangenginni kærú Matvælastofnunar til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Matvælastofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Matvælastofnun að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Matvælastofnun á hvaða stigi málsins sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar hjá lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kærú Matvælastofnunar skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot styðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Matvælastofnunar um að kæra mál til lögreglu.

Matvælastofnun er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Matvælastofnun er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Matvælastofnun í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Matvælastofnunar sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemmi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðlögum getur hann sent eða endursent málið til Matvælastofnunar til meðferðar og ákvörðunar.

c. (9. gr. g.)

Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á fóður-, áburðar- eða sáðvöruyfyrirtæki sem brjóta gegn:

- a. tilkynningar- eða starfsleyfisskyldu skv. 4. gr. eða skilyrðum sem Matvælastofnun hefur sett skv. 2. mgr. 4. gr.,
- b. tilkynningar- og skráningarskyldu vörunnar og ábyrgð á því að efnainnihald og eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu skv. 5. gr.,
- c. banni við markaðssetningu fódurs og áburðar sem ekki uppfyllir kröfur um öryggi skv. 7. gr. a og 7. gr. m,
- d. banni við notkun dýrapróteins úr aukaafurðum úr dýrum í fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis skv. 1. mgr. 7. gr. b,
- e. banni við fóðrun dýra á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund skv. 3. mgr. 7. gr. b,
- f. skyldu til innköllunar fódurs og áburðar og tilkynningarskyldu stjórnenda skv. 7. gr. e og 7. gr. m,
- g. skyldu til að rekja feril dýrafóðurs skv. 7. gr. f,
- h. tilkynningarskyldu vegna greininga á örverum í fóðri og umhverfissýnum sem varða tilkynningarskylda matarsjúkdóma skv. 7. gr. h,
- i. tilkynningarskyldu vegna innflutnings frá þriðju ríkjum skv. 7. gr. i,
- j. skyldu til að leggja fram vottorð um kadmíuminnihald eða markaðssetningu áburðar sem inniheldur meira kadmíuminnihald en leyfilegt er skv. 7. gr. k,
- k. tilkynningarskyldu vegna innflutnings áburðar skv. 7. gr. m,
- l. ákvæðum varðandi kröfur um starfsemi fóður- og áburðarfyrirtækja skv. 7. gr. d og 7. gr. n.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið fjárhæð stjórnvaldssekta fyrir brot á einstökum ákvæðum laga þessara innan þess ramma sem ákveðinn er í 4. mgr.

Hafi fjárhæð sekta ekki verið ákveðin í reglugerð skal við ákvörðun sekta m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Matvælastofnun er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili haft ávinning af broti. Skal fjárhæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfalt margfeldi af þeim ávinningi sem aðili hefur aflað sér með broti gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þó innan þess ramma sem ákveðinn er í 4. mgr.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga í samræmi við skilgreiningu á fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki í 7. tölul. 2. gr. a geta numið frá 10 þús. kr. til 10 millj. kr. en sektir á lögaðila geta numið frá 25 þús. kr. til 25 millj. kr.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga hennar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga hennar. Ákvörðun Matvælastofnunar um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla.

Málshöfðunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

d. (9. gr. h.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Matvælastofnunar á grundvelli þeirra er Matvælastofnun heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki máls-

aðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Matvælastofnun setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

e. (9. gr. i.)

Heimild Matvælastofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Matvælastofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

f. (9. gr. j.)

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Matvælastofnun skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samráði við Matvælastofnun. Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum. Annars vegar er lagt til að við löggin bætist nýr kafli sem fjallar um ábyrgð stjórnenda áburðarfyrirtækja og áburðareftirlit og hins vegar ýmis ákvæði sem gilda eiga um fóður, áburð og sáðvöru og reynslan hefur sýnt að þörf er á vegna eftirlits með þessum vörum. Þannig er lagt til í frumvarpinu að lögfest verði ný ákvæði um fóður, áburð og sáðvöru en jafnframt lagt til að núverandi lagaákvæði verði gerð ítarlegri eða þau skýrð nánar til þess að taka af öll tvímæli um túlkun þeirra.

Frumvörp með sama heiti voru lögð fram á 140. og 141. löggjafarþingi. Við framlagningu frumvarpsins á 141. löggjafarþingi voru gerðar eftirfarandi breytingar frá því frumvarpi sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi:

a. Í 3. gr. frumvarpsins var sérstaklega áréttað að til framleiðslu lyfjablandaðs fóðurs þyrfti einnig leyfi Lyfjastofnunar sbr. lög nr. 20/2013.

b. Í 11. gr. frumvarpsins var áréttað að brot gegn lögnum þyrftu að vera framin af stórfelldu gáleysi svo varði sektum eða fangelsi.

Við framlagningu þessa frumvarps eru gerðar eftirfarandi breytingar frá því frumvarpi sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi.

a. Í c-lið 7. gr. frumvarpsins (7. gr. m) er bætt við orðunum „standast ekki fyrrgreindar kröfur“ þannig að málsliðurinn hljóðar svo: „Stjórnandinn skal, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem þegar hafa verið afhentar og standast ekki fyrrgreindar kröfur.“

b. Í 10. gr. frumvarpsins, sem breytir 9. gr. d laganna, er lagður til styttri kærufrestur aðila máls vegna stjórnsýsluákvæðana sem teknar eru í tengslum við eftirlit með innflutningi fóðurs sem unnið er úr dýraafurðum og kemur til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahags-

svæðisins. Sambærileg lagabreyting var gerð með lögum nr. 76/2012 um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

c. Gerðar eru ýmsar orðlagsbreytingar á 11. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um refsio og stjórnsýsluviðurlög, til samræmis við breytingar sem orðið hafa á þeirri löggjöf. Orðalagsbreytingarnar eru gerðar í samráði við embætti ríkissaksóknara.

d. Í d-lið a-liðar 11. gr. frumvarpsins (9. gr. e) er bætt við efnisákvæði sem gerir háttsemi, sem brýtur gegn banni við fóðrun dýra á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund skv. 3. mgr. 7. gr. b gildandi laga, refsiverða. Jafnframt er bætt við efnisákvæði í e-lið (verður f-liður) c-liðar 11. gr. (9. gr. g) sem gerir Matvælastofnun kleift að leggja á stjórnvaldssektir vegna sömu brota.

e. Í c-lið 11. gr. frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um að stjórnvaldssektir skv. 11. gr. frumvarpsins skuli lagðar á fóður-, áburðar- og sáðvöruvafyrirtæki í samræmi við skilgreiningu slíkra fyrirtækja í 6. tölul. (verður 7. tölul.) 2. gr. a gildandi laga.

f. Í f-lið 11. gr. frumvarpsins (9. gr. j) er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest.

## II. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Ástæður þess að þetta frumvarp er lagt fram eru tvíþættar. Annars vegar hafa áburðarfyrirtæki sett fram efasemdir um heimildir Matvælastofnunar til áburðareftirlits, svo sem til eftirlits með kadmíum í áburði. Því er lagt til að lagaheimildir til áburðareftirlits verði styrktar og þær gerðar skýrari hvað varðar ábyrgð áburðarfyrirtækja og heimildir Matvælastofnunar til eftirlits með áburði. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar á lögum nr. 22/1994 vegna eftirlits með fóðri og sáðvöru auk eftirlits með áburði. Hér er um að ræða ný lagaákvæði sem reynsla hefur sýnt að þörf er á við fóður-, áburðar- eða sáðvöruaftirlit. Jafnframt er um að ræða lagaákvæði sem reynsla hefur sýnt að gera þarf ítarlegri eða skýrari.

## III. Meginefni frumvarpsins.

### A. Ákvæði frumvarpsins um áburð.

Samkvæmt EES-samningnum hafa EFTA-ríkin heimild til að takmarka aðgang að mörkuðum sínum með þeim hætti að tilbúinn áburður megi ekki innihalda kadmíum umfram tiltekið hámark. Miðað er við þau ákvæði landslaga sem voru í gildi daginn sem samningurinn tók gildi. Ákvæði um hámark kadmíums í tilbúnum áburði er að finna í reglugerð nr. 630/2007 en þar segir í 3. gr. um staðfestingu kadmíuminnihalds:

„Magn af kadmíum í ólífrænum áburði, sem inniheldur fosfór, má ekki fara yfir 50 mg kadmíum (Cd) pr. kg fosfór (P) (eða 22 mg Cd pr. kg P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>). Sama gildir um ólífrænan áburð í blöndum.

Við skráningu skal leggja fram yfirlýsingu um kadmíuminnihald í ólífrænum áburði með fosfór. Í yfirlýsingu skal eftirfarandi koma fram:

- Lýsing á viðkomandi áburði.
- Staðfesting á að áburður innihaldi minna en 50 mg Cd pr. kg P (eða 22 mg Cd pr. kg P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>).
- Undirskrift frá framleiðanda eða þeim aðila sem ber ábyrgð á dreifingu og sölu á áburðinum.

Yfirlýsing þessi skal fylgja á öllum heildsölustigum og hefur kaupandi rétt á að sjá hana.“

Samkvæmt 5. gr. nógildandi laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994 með síðari breytingum, er allur áburður sem fluttur er til landsins skráður hjá Matvælastofnun, og jafngildir slík skráning leyfi til markaðssetningar hér á landi (söluleyfi). Aðeins áburður sem lýst er á fullnægjandi hátt fæst skráður hjá stofnuninni. Við skráningu skal fylgja yfirlýsing um að varan uppfylli tilteknar kröfur, m.a. íslenskar reglur um hámark kadmíuminnihalds, sbr. framangreinda reglugerð nr. 630/2007.

Skráning áburðar, þ.e. söluleyfi, gildir þar til umræddur áburður er afskráður. Söluleyfi gildir þannig árum saman. Samkvæmt núverandi verklagi afskráir Matvælastofnun áburð ef hann fer yfir hámarksmörk og leggur um leið faglegt mat á það hvort tilefni sé til innköllunar. Samkvæmt verklaginu er áburður ekki endurskráður fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir sem sýna að áburðurinn sé í samræmi við lagaákvæði og vörulýsingar. Slíkar rannsóknir þurfa að liggja fyrir áður en áburðurinn er afhentur kaupendum. Þetta verklag er nauðsynlegt svo að mengaður áburður komist ekki aftur í dreifingu. Áburðarfyrirtæki hafa hins vegar sett fram efasemdir um heimildir Matvælastofnunar til að krefjast sýnatöku og rannsóknar á áburði áður en honum er dreift til kaupenda eftir nýskráningu.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að lagaheimildir verði styrktar og þær gerðar skýrar og ótvíræðar hvað varðar heimildir Matvælastofnunar til eftirlits með áburði. Frumvarpið kveður nánar tiltekið á um eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að við lögín bættist nýr kafli með fimm nýjum ákvæðum um áburð. Þar er gert ráð fyrir skýrri heimild fyrir Matvælastofnun til að krefja áburðarfyrirtæki um vottorð um kadmíuminnihald hvernar áburðartegundar fyrir innflutning eða markaðssetningu vörunnar.

Lagt er til nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir skýrri heimild fyrir Matvælastofnun til að afskrá áburð vegna breytinga á hráefnum, efnainnihaldi eða eiginleikum áburðarins.

Kveðið er skýrt á um að stjórnandi áburðarfyrirtækis beri ábyrgð á tilkynningu til Matvælastofnunar ef áburður samræmist ekki kröfum um efnainnihald, eiginleika áburðar samkvæmt vörulýsingu eða öryggi. Stjórnandi skal gera ráðstafanir til úrbóta. Ef áburður telst ekki öruggur til notkunar skal hann taka umræddan áburð af markaði. Samkvæmt ákvæðinu telst áburður ekki öruggur ef notkun hans getur haft áhrif á heilbrigði dýra eða plantna eða orðið þess valdandi að matjurtir eða dýraafurðir verða óhæfar til manneldis. Stjórnandinn skal jafnframt, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem hafa þegar verið afhentar. Samkvæmt ákvæðinu skal stjórnandi áburðarfyrirtækis án tafar upplýsa notendur áburðarins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan uppfyllti ekki kröfur, var tekin af markaðnum eða innkölluð.

Í frumvarpinu er áréttað að stjórnandi áburðarfyrirtækis beri ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt. Ákvæði d-liðar 7. gr. frumvarpsins kveður skýrt á um ábyrgð stjórnanda áburðarfyrirtækis sem skilgreindur er í 9. tölul. (verður 10. tölul.) 2. gr. a laganna. Stjórnanda ber jafnframt að sanna að hann hafi farið að lögum og stjórnvaldsreglum sem gilda um starfsemina. Þetta ákvæði er samhljóða 7. gr. d laganna sem gildir um fóður.

Í frumvarpinu er það nýmæli að áburðareftirlit skuli m.a. byggjast á áhættugreiningu. Skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu sem skilgreind er í 3. tölul. 2. gr. a laganna.



*B. Ákvæði frumvarpsins um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.*

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar á lögum nr. 22/1994. Hér er um að ræða ný lagaákvæði sem reynsla hefur sýnt að þörf er á við fódur-, áburðar- eða sáðvöruaftirlit, sbr. 2., 4. og 11. gr. frumvarpsins. Jafnframt er um að ræða lagaákvæði sem reynsla hefur sýnt að gera þarf ítarlegri eða skýrari, sbr. 3., 6., 8., 9. og 10. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælastofnun sé heimilt að framselja ákveðin verkefni sem nú eru á verksviði Matvælastofnunar til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Sambærilegt ákvæði um framsal er í lögum nr. 93/1995, um matvæli, þar sem um er að ræða gagnkvæmt framsal á eftirlitsverkefnum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og Matvælastofnunar.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um að þau fódurfyrirtæki sem framleiða lyfjabland- að fódur skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun. Núverandi starfsemi hérlendra fódurfyrirtækja hefur ekki falið í sér þess háttar starfsemi en þó er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að slík starfsemi verði stunduð hérlendis.

Í 5. gr. laganna er fjallað um skráningu fódur-, áburðar- og sáðvöru en slíka vöru er óheimilt að flytja til landsins án tilkynningar og skráningar hjá Matvælastofnun. Matvælastofnun staðfestir skráningu ef efnainnihaldi og eiginleikum vörunnar er lýst á fullnægjandi hátt. Frumvarpið gerir ráð fyrir því í 4. gr. að við 5. gr. laganna bætist ein ný málsgrein þar sem áréttuð er ábyrgð fódur-, áburðar- og sáðvöruvörufyrirtækja á því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu skv. 1. mgr. 5. gr. laganna. Jafnframt er kveðið skýrt á um upplýsingaskyldu fódur-, áburðar- og sáðvöruvörufyrirtækis vegna skráningar vörunnar.

Lagt er til að fódurfyrirtæki og aðilar sem starfa við sýnatöku, rannsóknir og greiningu á fódri tilkynni Matvælastofnun ef í umhverfissýnum, sem tekin eru í eða við fódurfyrirtæki, greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum. Í gildandi ákvæði laganna er einungis kveðið á um fódursýni en ekki umhverfissýni. Ákvæði frumvarpsins nær jafnframt til tilkynningarskyldu vegna örvera í sýnum sem tekin eru hjá aðilum sem sinna matvælaframleiðslu en ekki einungis fódurfyrirtækjum eins og kveðið er á um í núverandi ákvæði laganna.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á efnisákvæðum 2. mgr. 9. gr. laganna um þvingunarúrræði Matvælastofnunar. Í ákvæðinu er sérstaklega fjallað um heimildir Matvælastofnunar til að afskrá vöru, stöðva inn- og útflutning vöru og innkalla vöru af markaði svo dæmi séu tekin. Ákvæðið er þannig gert skýrara og tekin af öll tvímæli um heimildir Matvælastofnunar og gildissvið ákvæðisins. Frumvarpið fellir brott 2. mgr. 6. gr. laganna en efni ákvæðisins er fellt undir 2. mgr. 9. gr. Markmið með brottfalli ákvæðisins er að samræma efnisákvæði laganna um þvingunarúrræði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Matvælastofnun fái heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brjóta gegn tilteknum bannákvæðum laganna eða ákvörðunum teknum samkvæmt þeim. Slík ákvæði eru nú í ýmsum lögum og því edlilegt að Matvælastofnun fái slíkar heimildir með sama hætti og aðrir eftirlitsaðilar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði um refsivíðurlög verð gerð skýrari og samræmd sambærilegum ákvæðum í öðrum lögum. Þannig eru tiltekin brot gegn ákvæðum laganna lýst refsiverð og er sú háttsemi tilgreind sérstaklega. Gert er ráð fyrir því að aðeins alvarlegustu brot á lögum verði gerð refsiverð.

#### IV. Samráð.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Matvælastofnun og embætti ríkissaksóknara.

#### V. Mat á áhrifum.

##### A. Ákvæði um áburð.

Ákvæði frumvarpsins um áburð hafa það annars vegar að markmiði að gera ákvæði laganna skýrari og ótvíræðari og hins vegar að lögbinda ný ákvæði sem kveða skýrt á um skyldu framleiðanda eða dreifingaraðila áburðar til framlagningar vottorða um kadmíum skv. 7. gr. a frumvarpsins, tilkynningarskyldu til Matvælastofnunar skv. 7. gr. b, heimild Matvælastofnunar til að afskrá áburð og skyldu til þess að stöðva markaðssetningu áburðar, skv. 2. mgr. 7. gr. b. Í 7. gr. d er jafnframt áréttað að stjórnandi áburðarfyrirtækis beri ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna til framleiðslu þess á hverjum tíma og að stjórnandinn beri sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Gert er ráð fyrir að þessar lagabreytingar skýri núverandi réttarstöðu og eyði óvissu um túlkun. Þannig muni breytingarnar að einhverju leyti spara kostnað og tíma bæði eftirlitsþola og eftirlitsaðila. Gert er ráð fyrir að þetta áburðareftirlit Matvælastofnunar verði með sama hætti og áður.

##### B. Ákvæði um fódur.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði um framsal fódureftirlits. Þannig er gert ráð fyrir að Matvælastofnun sé heimilt að framselja ákveðin verkefni vegna fódureftirlits sem nú eru á verksviði Matvælastofnunar til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Ef af slíku framsali verður gildir gjaldskrá Matvælastofnunar vegna slíkra framseldra verkefna þannig að enginn kostnaður á að falla á heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna vegna þessa.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið skýrt á um að þau fódurfyrirtæki sem framleiða lyfjablandað fódur skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á rekstur núverandi fódurfyrirtækja þar sem þessi starfsemi er ekki stunduð hérlandis nú, en til þess gæti komið í framtíðinni. Í 3. gr. frumvarpsins er jafnframt áréttað að til framleiðslu lyfjablandaðs fódurs þarf einnig leyfi Lyfjastofnunar en slíkt leyfir þarf samkvæmt lögum nr. 20/2013.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um tilkynningarskyldu fódurfyrirtækja og aðila sem starfa við sýnatöku, rannsóknir og greiningu á fódri til Matvælastofnunar ef í umhverfissýnum, sem tekin eru í eða við fódur- eða matvælafyrirtæki, greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Í núverandi lögum er einungis kveðið á um tilkynningarskyldu vegna örvera í fódri en ekki umhverfissýnum. Jafnframt er í gildandi lögum nr. 22/1994 einungis tilkynningarskylda þegar um er að ræða sýnatöku hjá fódurfyrirtækjum en ekki matvælafyrirtækjum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir tilkynningarskyldu vegna örvera í sýnum hjá bæði fódur- og matvælafyrirtækjum. Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði fódur- eða matvælafyrirtækja vegna þessarar tilkynningarskyldu umfram kostnað vegna 8. gr. frumvarpsins.

##### C. Ákvæði um fódur, áburð og sáðvöru.

Önnur ákvæði frumvarpsins gilda almennt um fódur, áburð eða sáðvöru. Í 4. gr. frumvarpsins er áréttuð ábyrgð fódur-, áburðar- og sáðvöruvyrirtækja á því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu og í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um stjórnsýslusektir og refsiviðurlög vegna brota á lögnum. Þessi ákvæði gera eftirlit

samkvæmt lögum skilvirkara en fela ekki í sér aukinn kostnað eftirlitsaðila. Sama á við um 9. gr. frumvarpsins sem breytir 2. mgr. 9. gr. laganna um þvingunarúrræði Matvælastofnunar. Í 8. gr. frumvarpsins er bætt við heimild ráðherra til þess að setja gjaldskrá vegna raunkostnaðar við skráningu og móttöku tilkynninga sem berast Matvælastofnun en ákvæði í nágildandi lögum kveður einungis á um skráningu og móttöku umsókna. Ef ákvæðið verður að lögum má gera ráð fyrir að tiltekinn kostnaður muni falla á viðkomandi fyrirtæki vegna tilkynningar til stofnunarinnar. Í 10. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á núverandi lagaákvæðum en reynslan hefur sýnt að þessi ákvæði má gera ítarlegri og þannig skýrari. Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði ef 10. gr. frumvarpsins verða að lögum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að hugtakið „dreifing“ verði skilgreint í lögum með samsvarandi hætti og í lögum nr. 93/1995, um matvæli. Hugtakið kemur fyrir í nokkrum ákvæðum laga nr. 22/1994, svo sem í 7. gr. d, 7. gr. e og 7. gr. f og í skilgreiningu hugtaksins „markaðssetning fódurs“.

Hugtakið „markaðssetning fódurs“ er skilgreint í 7. tölul. 2. gr. a laganna. Lagt er til í b-lið að gildissvið skilgreiningarinnar nái einnig til áburðar og sáðvöru. Hugtakið er notað fyrir áburð og sáðvöru auk fódurs í 7. gr. og 2. mgr. 9. gr.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælastofnun sé heimilt að framselja ákveðin verkefni sem nú eru á verksviði Matvælastofnunar til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Slíkt framsal getur falið í sér ákvörðun um þvingunarúrræði og gjaldtöku fyrir eftirlitið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Sem dæmi um verkefni sem hægt væri að framselja til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna er eftirlit með afurðum og afgangsefnum sem t.d. bakarí og brugghús afhenda sem fóður, en heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa eftirlit með slíkum fyrirtækjum lögum samkvæmt.

Um 3. gr.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 var tilskipun ráðsins nr. 90/167/EBE, um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fódurs í bandalaginu, tekin upp í EES-samninginn 1. maí 2010. Tilskipun þessi er innleidd í íslenskan rétt með lyfjalögum en velferðarráðuneytið fer með lyfjaeftirlit í landinu. Matvælastofnun fer hins vegar með eftirlit með því að fóður uppfylli kröfur laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Þetta eftirlit Matvælastofnunar nær einnig til lyfjablandaðs fódurs. Í samræmi við ákvæði í tilskipuninni er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um starfsleyfisskyldu þeirra fóður-fyrirtækja sem framleiða lyfjablandað fóður.

Um 4. gr.

Í 5. gr. laganna er fjallað um skráningu fódurs, áburðar og sáðvöru en slíkar vörur er óheimilt að flytja til landsins án þess að tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá Matvælastofnun sem staðfestir hvort efnainnihaldi og eiginleikum vörunnar er lýst á fullnægjandi hátt. Lagt er til að við 5. gr. bættist ein ný málsgrein þar sem áréttuð er ábyrgð fóður-, áburðar- og sáðvöru-fyrirtækja á því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu skv. 1. mgr. 5. gr. laganna. Jafnframt er kveðið skýrt á um upplýsingaskyldu fóður-,

áburðar- og sáðvöruþyrirtækis sem ber að veita Matvælastofnun allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna efnainnihalds, eiginleika og annarra þátta sem skipta máli vegna lýsingar vörunnar.

#### Um 5. gr.

Ákvæðið fellir brott 2. mgr. 6. gr. laganna þar sem segir svo: „Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vöru lýsingar getur Matvælastofnun krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.“ Efnisákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna sem breytt er með 9. gr. þessa frumvarps nær til sömu þvingunaraðgerða og eru tilgreindar í 2. mgr. 6. gr. og því er ekki þörf á ákvæðinu.

#### Um 6. gr.

Hér er lagt til að föðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við sýnatöku, rannsóknir og greiningu á fódri skuli tilkynna Matvælastofnun ef í fódri eða umhverfissýnum, sem tekin eru í eða við föður- eða matvælafyrirtæki, greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum. Í gildandi 7. gr. h er einungis kveðið á um tilkynningarskyldu vegna örvera í fódri en ekki úr umhverfi. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæðið nái nú til sýnatöku hjá matvælafyrirtækjum sem fódri er dreift til. Í ljósi reynslu af sýnatöku vegna salmonelluörvera til að stemma stigu við útbreiðslu salmonellusmits í starfsemi föður- og matvælafyrirtækja þykir nauðsynlegt að gildissvið ákvæðisins nái einnig til tilkynningarskyldu vegna sýna sem tekin eru í innra eða ytra umhverfi föðurfyrirtækja og einnig hjá matvælafyrirtækjum sem fódri er dreift til.

#### Um 7. gr.

Lagt er til að við löginn bætist nýr kafli með fimm nýjum ákvæðum, 7. gr. k – 7. gr. o.

##### *Um a-lið (7. gr. k).*

Í ákvæðinu er kveðið á um skýrar heimildir fyrir Matvælastofnun til að krefja áburðarfyrirtæki um vottorð um kadmíuminnihald hversrar áburðartegundar fyrir innflutning eða markaðssetningu vörunnar. Ekki er þörf á að afskrá viðkomandi vöru enda skal vottorð þetta lagt fram árlega til staðfestingar á niðurstöðum mælinga á þeim áburðartegundum sem fluttar eru inn. Núverandi heimild Matvælastofnunar er í reglugerð nr. 630/2007. Jafnframt er skýrt kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerðarákvæði um hámark kadmíuminnihalds í áburði.

##### *Um b-lið (7. gr. l).*

Um er að ræða viðbót við löginn sem kveður á um tilkynningarskyldu áburðarfyrirtækis verði breyting á efnainnihaldi eða eiginleikum áburðar. Matvælastofnun getur síðan á grundvelli slíkrar tilkynningar tekið ákvörðun um það hvort varan verði afskráð eða haldi skráningu sinni skv. 5. gr. og þá með hvað skilyrðum. Ákvæðið gerir þannig ráð fyrir skýrri heimild fyrir Matvælastofnun til að afskrá áburð vegna breytinga á hráefnum, efnainnihaldi eða eiginleikum áburðarins. Í þeim tilvikum þegar áburður hefur verið afskráður hefur Matvælastofnun heimild til að stöðva markaðssetningu áburðarins að nýju. Þetta má stofnunin gera enda þótt áburðurinn sé kominn til landsins. Slík stöðvun á markaðssetningu gildir þar til Matvælastofnun hefur staðfest með sýnatöku að varan sé í samræmi við skráða vöru lýsingu, framlögð vottorð eða aðrar upplýsingar um vöruna. Ef greining sýnir að áburðurinn uppfyllir ekki skráða vöru lýsingu, framlögð vottorð eða aðrar upplýsingar um vöruna ber að hafna skráningu vörunnar eða breyta skráningu eftir atvikum.

*Um c-lið (7. gr. m).*

Um er að ræða nýtt ákvæði um ábyrgð stjórnanda áburðarfyrirtækis sem er að nokkru leyti sambærilegt við 7. gr. e laganna en það ákvæði fjallar um ábyrgð stjórnanda fôðurfyrirtækis vegna fôðurs. Samkvæmt ákvæðinu ber stjórnandi áburðarfyrirtækis ábyrgð á tilkynningu til Matvælastofnunar ef áburður samræmist ekki kröfum um efnainnihald, eiginleika áburðarins samkvæmt vörulýsingu eða öryggi. Stjórnandinn skal gera ráðstafanir til úrbóta. Ef áburðurinn telst ekki öruggur til notkunar skal hann taka umræddan áburð af markaði. Samkvæmt ákvæðinu telst áburður ekki öruggur ef notkun hans getur haft áhrif á heilbrigði dýra eða plantna eða orðið þess valdandi að matjurtir eða dýraafurðir verða óhæfar til mannelis. Stjórnandinn skal jafnframt, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem hafa þegar verið afhentar. Ef framleiðslueiningin, lotan eða vörusendingin stenst ekki fyrrgreindar kröfur skal farga áburðinum eða endursenda nema Matvælastofnun fallist á aðra lausn. Samkvæmt ákvæðinu skal stjórnandi áburðarfyrirtækis án tafar upplýsa notendur áburðarins á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan uppfyllti ekki kröfur, var tekin af markaðnum eða innkölluð.

*Um d-lið (7. gr. n).*

Í þessu ákvæði er áréttað að stjórnandi áburðarfyrirtækis beri ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar í fyrirtæki undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt. Ákvæðið kveður skýrt á um ábyrgð stjórnanda áburðarfyrirtækis sem skilgreind er í 9. tölul. 2. gr. a laganna. Stjórnanda ber jafnframt að sanna að hann hafi farið að lögum og stjórnvaldsreglum sem gilda um starfsemina. Þetta ákvæði er samhljóða 7. gr. d laganna sem gildir um fôðurfyrirtæki.

*Um e-lið (7. gr. o).*

Í ákvæðinu kemur fram að áburðareftirlit skuli m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu sem skilgreind er í 3. tölul. 2. gr. a laganna.

Opinbert áburðareftirlit skal framkvæmt með viðeigandi aðferðum sem þróaðar hafa verið í þeim tilgangi, þ.m.t. kerfisbundinni vöktun og eftirliti, svo sem skoðunum, sannprófunum, úttektum og töku og prófun sýna.

## Um 8. gr.

Við ákvæðið er bætt heimild ráðherra til þess að setja gjaldskrá vegna raunkostnaðar við skráningu og móttöku tilkynninga sem berast Matvælastofnun en ákvæðið kveður einungis á um skráningu og móttöku umsókna sem berast stofnuninni. Samkvæmt íslenskum rétti þurfa lagaheimildir vegna gjaldtöku opinberra aðila að tilgreina með skýrum hætti þau verk eða gögn sem heimilt er að krefjast greiðslu fyrir úr hendi eftirlitsþola. Þar sem lögin setja þá skyldu á Matvælastofnun að afgreiða ýmiss konar tilkynningar er lagt til að gerð verði breyting á umræddu lagaákvæði þannig að stofnuninni verði heimilt að innheimta sem nemur raunkostnaði vegna slíkrar vinnu. Hér er sem fyrr gengið út frá því að kostnaður við eftirlit og umsýslu sé greiddur af hlutaðeigandi fyrirtækjum og einungis sé heimilt að innheimta raunkostnað sem hlýst af eftirliti eða umsýslu Matvælastofnunar.

## Um 9. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna. Lagt er til að Matvælastofnun hafi ekki einungis heimild til að krefjast afmengunar fôðurs heldur einnig áburðar eða sáðvöru. Sérstaklega er kveðið á um það í ákvæðinu að Matvælastofnun geti krafist afskráningar fôðurs, áburðar eða sáðvöru þegar rökstuddur grunur er um að varan uppfylli ekki ákvæði í vörulýsingu eða ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Talið er rétt að áréttu þá heimild Matvælastofnunar að afskrá vöru þegar hún uppfyllir ekki vörulýsingu. Matvælastofnun hefur slíka heimild skv. 5. gr. núgildandi laga sem segir að Matvælastofnun skuli aðeins skrá vörur er hefur verið lýst á fullnægjandi hátt.

Frumvarpið fellir brott 2. mgr. 6. gr. sem er svohljóðandi: „Komi í ljós að vara uppfylli ekki uppgefnar vörulýsingar getur Matvælastofnun krafist stöðvunar á dreifingu og sölu vörunnar.“ Ákvæði 2. mgr. 6. gr. er felld brott þar sem 2. mgr. 9. gr. gildir um stöðvun á dreifingu og sölu vöru ef hún uppfyllir ekki uppgefnar vörulýsingar enda er markaðssetningin meðal annars skilgreind sem dreifing vöru. Þrátt fyrir að inn- og útflutningur falli undir hugtakið dreifing er í ákvæðinu sérstaklega áréttað að Matvælastofnun geti stöðvað inn- og útflutning. Í ákvæðinu er jafnframt áréttað að Matvælastofnun hafi heimild til að innkalla fôður, áburð eða sáðvöru.

## Um 10. gr.

Lagt er til að núverandi orðalagi 9. gr. d í lögnum, sem kveður á um að við meðferð mála skv. 9. gr., 9. gr. a, 9. gr. b og 9. gr. c skuli fara eftir ákvæðum stjórnisýslulaga og öðrum reglum stjórnisýsluréttar, verði breytt í þá veru að ákvarðanir Matvælastofnunar megi kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga. Hér er ekki gert ráð fyrir neinni efnislegri breytingu á ákvæðinu heldur einungis verið að skýra betur út hvað átt er við með ákvæðinu. Ákvæði 9. gr. d er í samræmi við 30. gr. d laga nr. 93/1995, um matvæli, en ákvæðið í matvælalögnum var sett inn í lögina þegar sérstök úrskurðarnefnd vegna ágreinings um framkvæmd laganna var lögð niður. Samkvæmt 2. málsl. ákvæðisins er lagt til efnisákvæði sem stýttir kærufrest aðila máls vegna stjórnisýsluákvæðana sem teknar eru í tengslum við eftirlit með innflutningi fôðurs sem unnið er úr dýraafurðum og kemur til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er lagt til að kæra skuli borin fram innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun í málinu. Ástæða þess að þessi lagabreyting er lögð til er sú að Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við framkvæmd 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 97/78/EB um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum. Þessi tilskipun gildir bæði um matvæli og fôður. Gerð var sambærileg lagabreyting á lögum nr. 93/1995, um matvæli með lögum nr. 76/2012. Um nánari ástæður þessarar lagabreytingar vísast að öðru leyti til athugasemda í frumvarpi til laga nr. 76/2012 um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

## Um 11. gr.

*Um a-lið (9. gr. e).*

Í ákvæðinu er lagt til að alvarlegustu brotin gegn ákvæðum laganna verði lýst refsiverð. Höfð var hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins.

Í ákvæðinu er lagt til að brot gegn lögnum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Í 4. mgr. er lagt til að tilraun til brota og hlutdeild í brotum verði refsiverð.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi ávinning sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna.

*Um b-lið (9. gr. f).*

Í greininni er kveðið á um kæru til lögreglu og var höfð hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins. Lagt er til að brot gegn lögnum skuli aðeins sæta rannsókn sem sakamál að undangenginni kæru Matvælastofnunar til lögreglu.

Varði meint brot á lögnum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Matvælastofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber stofnuninni að vísa þeim til lögreglu.

Matvælastofnun er jafnframt heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast tilgreindum brotum. Þá er Matvælastofnun heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn brotanna. Sama á við um lögreglu og ákærvald. Þeim er heimilt að láta stofnuninni í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast tilgreindum brotum. Loks er lagt til að telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar við stjórnsýsluviðurlög þá geti hann sent eða endursent málið til Matvælastofnunar til meðferðar og ákvörðunar.

*Um c-lið (9. gr. g).*

Hér er kveðið á um heimildir Matvælastofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir á fóður-, áburðar- eða sáðvöruþyrtingu sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu, skyldu til athafna eða bönn. Fóður-, áburðar- eða sáðvöruþyrtingu eru í lögum nr. 22/1994 skilgreind sem fyrirtæki eða einstaklingar sem starfa við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, áburðar og sáðvöru, þ.m.t. framleiðslu, vinnslu eða geymslu framleiðanda á slíkum vörum til notkunar á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki. Samkvæmt þessu er ekki heimilt að leggja stjórnvaldssektir á einstaka starfsmenn hins brotlega heldur einungis á þann einstakling sem rekur viðkomandi fóður-, áburðar eða sáðvöruþyrtingu á sinni kennitölu. Við útfærslu ákvæðisins var m.a. höfð hliðsjón af 97. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

*Um d-lið (9. gr. h).*

Hér er kveðið á um heimild Matvælastofnunar til að ljúka máli með sátt, sé ekki um meiri háttar brot að ræða sem refsiviðurlög liggja við. Höfð var hliðsjón af 98. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins.

*Um e-lið (9. gr. i).*

Höfð var hliðsjón af 100. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

*Um f-lið (9. gr. j).*

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í þessum lögum þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögnum. Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert

brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því t.d. skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

### Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytið,  
skrifstofa opinberra fjármála:*

#### **Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum (áburðareftirlit, fódureftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög).**

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða í fyrsta lagi framleiðslu og dreifingu á áburði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framleiðendum eða dreifingaraðilum áburðar verði skylt að leggja fram vottorð vegna kadmíums í áburði, tilkynna breytingar á efnainnihaldi til Matvælastofnunar og stöðva markaðssetningu áburðar ef hann telst ekki öruggur til notkunar. Jafnframt er í frumvarpinu ákvæði um að stjórnandi áburðarfyrirtækis beri ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um framleiðslu áburðar á hverjum tíma og að stjórnandinn beri sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Breytingarnar munu ekki hafa áhrif á áburðareftirlit Matvælastofnunar sem verður með sama hætti og áður.

Í öðru lagi varða breytingarnar í frumvarpinu fódureftirlit því lagt er til að Matvælastofnun verði heimilt að framselja ákveðin verkefni vegna fódureftirlits sem nú eru á verksviði hennar til heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Ef af slíku framsali verður mun gjaldskrá Matvælastofnunar vegna slíkra framseldra verkefna gilda þannig að allur kostnaður sem kynni að falla á heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna vegna þessa verður að fullu fjármagnaður. Í frumvarpinu er einnig kveðið skýrt á um að þau fódurfyrirtæki sem framleiða lyfjablandað fóður skuli hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun. Eins og stendur er slík starfsemi ekki stunduð hérlendis en til þess gæti komið í framtíðinni. Þá er lögð skylda á aðila til að taka umhverfissýni auk fódursýna vegna eftirlits með tilkynningarskyldum sjúkdómum samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga en mörg fódurfyrirtæki eru nú þegar byrjuð að taka slík sýni.

Í þriðja lagi eru lagðar til ýmsar breytingar er gilda um fóður, áburð eða sáðvöru. Til að mynda er áréttuð ábyrgð fódur-, áburðar- og sáðvöruvyrirtækja á því að efnainnihald eða eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu. Einnig eru lögð til ýmis ákvæði um stjórnsýslusektir og refsivíðurlög vegna brota á lögnum en slíkar sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningar og innheimtu. Þá er gert ráð fyrir að gjaldskrárheimild 8 gr. núgildandi laga verði víkkuð á þann veg að undir hana falli einnig raunkostnaður vegna skráningar og móttöku tilkynninga sem berast Matvælastofnun en núgildandi ákvæði kveður eingöngu á um skráningu og móttöku umsókna. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á ríkistekjur Matvælastofnunar.

Ákvæði frumvarpsins ættu að leiða til þess að í framtíðinni verði eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru skilvirkara en það er nú án þess að það auki kostnað eftirlitsaðila svo nokkru nemur. Verði frumvarp þetta því óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.